

» Fjallað verður um endalokin í þessum pistli, svo haldið ykkur fjarri! 36



Rómantik Rumon Gamba stýrir Sinfóníuhljómsveitinni í kvöld.

Rússnesk rómantik í boði Sinfó

Borodin hleypur í skarðið fyrir Aho

EINS OG fram hefur komið í fréttum komst sænski klarínettuleikarinn Martin Fröst ekki til landsins í tæka tíð til að leika einleik í klarínettukonsert Kalevi Aho með Sinfóníunni í kvöld, enda hefur eldgosíð í Eyjafjallajökli sett allt úr skorðum.

Það voru því góð ráð dýr að finna annað verk með svo skömmum fyrirvara, en úr varð að Sinfóníuhljómsveitin leikur *Dansa frá Polovetsú* eftir Borodin.

Á efniðskrání er, sem forðum, fjórða sinfónía Tsjajkovskijs, sem kölluð hefur verið „örlaga-sinfónían“, og forleikur að óperunni *Khovanschina* eftir Módest Músorgskj.

Dansarnir sem bæstast við eru úr óperunni *Igor prins* eftir Alexander Borodin, en hann vann að óperunni í átján ár og tókst ekki að ljúka verkinu. Dansarnir eru úr öðrum þætti óperunnar.

Rumon Gamba stýrir hljómsveitinni í kvöld.

Myndlist Os On-Station 57°N 20°A á Gallerí Vegg

NÚ STENDUR í Hafnarhúsinu útskriftarsýning nemenda í Listaháskólanum. Liður í einu verkinu er verk annarra, ef svo má segja, því hluti af því er listagallerí, Gallerí Veggur, og þar er ýmsum utanaðkomandi boðið að sýna verk sín í skamman tíma. Á morgun mun Elísabet Brynhildardóttir sýna þar verkið *Os On-Station 57°N 20°A*, eða réttara sagt upphafspunktur þess verks, því hún er rétt að byrja að vinna það. Sýning hennar verður opnuð kl. 18:00 á morgun og stendur fram á laugardag, en Elísabet sýnir verkið meðal annars til að leita eftir aðstoð áhorfenda við að láta því miða áfram.



Elísabet Brynhildardóttir

Leiklist Fyrirgefning og friðþægingarathöfn

ÁHUGALEIKHÚS atvinnu- manna sýnir í dag fjórða örvorkið um árátur, kenndir og kenjar. Í apríl hugleiðir leikhópurinn þá grimmd sem fellst í áfellisdómum yfir þeim sem leiddu þjóðina til falls. Í stað þess að einblína á dóminn hefur leikhópurinn einsett sér að veita fyrirgefningu rými og býður fólki að taka þátt í einskönar friðþægingarathöfn sem felst í játningu eða bön um fyrirgefningu í beinni útsendingu á netinu á slóðinni www.herbegi408.is. Athöfnin fer fram í Útgerðinni, gjörningarármi Hugmyndahúss háskólanna við Grandagarð 16, kl. 12:30 í dag.



Árni Pétur Guðjónsson

Tónlist Söngbræður syngja í Hafnarfirði

KARLAKÓRINN Söngbræður í Borgarfirði ætla að syngja í Hásölum, Hafnarfirði, föstudaginn 30. apríl kl. 20:00 ásamt Karlakór Kópavogs. Kórinn hefur starfað í rúmlega 30 ár í Borgarfjarðarháða. Hann var upphaflega kór í uppsveitum Borgarfjarðar, en nú syngja með kórnum menn frá Ströndum í norðri, Dölum og Hnappadal í vestri og suður um allan Borgarfjörð.

Stjórnandi kórsins er Viðar Guðmundsson, innfæddur Borgfirðingur, en nú búsettur á Miðhúsum á Ströndum þar sem hann er tónlistarkennari, organisti og sauðfjábóndi.



Viðar Guðmundsson

Tónlistarskóli Kópavogs setur upp Carmen

Átjándra óperuuppþæfslan

Eftir Árna Matthíasson
arnim@mbl.is

SÖNGDEILD Tónlistarskóla Kópavogs sýnir óperuna *Carmen* eftir Georges Bizet í Salnum á morgun og á sunnudag, kl. 20:00 báða dagana. Anna Júlíana Sveinsdóttir, söngkennari skólans, stýrir uppsetningunni. Tónlistarstjóri og píanóleikari er Krystyna Cortes og Elín Ásta Ólafsdóttir annast hljóð og myndir.

Söngvarar í sýningunni eru nemendur við skólann, fimmtán nemendur úr söngdeildinni og tveir hljóðfæraleikarar sem syngja að auki og fimm börn úr skólanum, en einnig leika tveir trompetleikarar. Í helstu hlutverkum eru Elín Arna Aspelund, Hilmir Freyr Jónsson, Sigurjón Örn Böðvarsson, Elva Lind Þorsteinsdóttir, Alexander Jarl Ríkhardsson, Anna Guðrún Jónsdóttir, Bryndís Guðjónsdóttir og Aron Steinn Ásbjarnarson.

Anna Júlíana Sveinsdóttir segir að æfingar hafi staðið í allan vetur, enda mikið fyrirtæki að setja óperu á við *Carmen* upp. Hún býr að talverðri reynslu í að setja óperu upp með skólanum, því þetta er átjándra óperuuppþæfslan sem hún stýrir á síðustu fimmtán árum, en sum árin



Mikilvægt Elín Arna Aspelund Carmen, Vera Sjöfn Ólafsdóttir og Anna Margrét Gunnarsdóttir sígaunastúlkur, Bryndís Guðjónsdóttir Mercedes, Anna Guðrún Jónsdóttir Fraskíta og Hilmir Freyr Jónsson Don José.

hafa óperunnar verið tvær og tekur hver nemandi þátt í nokkrum uppþæfslum á námstímanum.

„Ég hef alltaf valið nýja óperu í hvert sinn, enda mjög mikilvægt fyrir nemendurna að læra að syngja og

leika samtímis, að læra að samsama sig hlutverkinu, lifa sig inn í það.“ Sumarið fer alla jafnan í að velja óperu fyrir hópinn og verður að velja hana eftir þeim röddum sem hún hefur tiltækar hverju sinni.

„Það er sérstaklega gaman að taka þátt í því að setja *Carmen* upp enda söng ég það hlutverk sjálf á sínum tíma og gaman að fá að upplifa óperuna í gegnum nýja Carmena.“

Réttardagur - 50 sýninga röð Aðalheiðar Eysteinsdóttur

Menningararfleið Ís- lensku sauðkindarinnar

FYRIR tæpum tveimur árum lagði Aðalheiður S. Eysteinsdóttir af stað með verkefni sem nefnist *Réttardagur - 50 sýninga röð*, en að byggist á því að hún setur upp 50 ólíkar sýningar víða um heim á tímabilinu júní 2008 til júní 2013.

Sýningar úr röðinni hafa þegar verið settar upp í Bretlandi, Hollandi, Pýskalandi og hér heima, en á laugardaginn kl. 15:00 verður nítjándra sýningin opnuð í Nútímalist á Skólavörðustíg.

Sýningarnar eiga það sameiginlegt að túlka menningararfleið íslensku sauðkindarinnar. Aðalheiður lýsir því svo að sá dagur þegar fé er safnað af fjalli, sé töfrum líkastur, „upphaf nýs tímabils, menning og allsnægtir, er viðfangsefni mitt.“

Ég er áhugamanneskja um náttúruvæna og þjóðlega atvinnuvegi eins og búskap, og hef sjálf hagad lífi mínu þannig. Ég flokka sorpið og nýti til listsköpunar margt af því sem fellur til á heimilinu.“

Aðalheiður segir að þegar hún hafi tekið til við að vinna þrívíð verk hafi hún lagt leið sína á gámasvæðið á Akureyri í hráefnisleit og þar hafi verið ríkuleg uppskera. „Mér líkar



Þrívíð Frá sýningu á verkum Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur sem opnuð verður í Nútímalist á Skólavörðustíg.

tilhugsunin um að vera hluti af heild. Setja saman skulptúra úr timbri sem smíðir hafa sagað niður og jafnvel málað, niðurrif af gömlum húsum með sína sögu og sál, afsag frá smíðakennslu eða sólpöllum og gefur þetta að mínu mati verkunum aukna vídd.“

Verkin sem hún sýnir eru aðallega timburskulptúrar. „Ýmsar myndir mannlífs hafa verið viðfangsefni mitt alla tíð, fyrst á tvívíðan flöt, en í seinni tíð þrívíðan. Þegar vinna mín beindist í átt að sauðkindinni áttaði ég mig á því að ég hafði verið að vinna á svipuðum nótum alla tíð.“


Nytjahlutir og blómlegar konur

Hönnunarsamkeppni í anda Ásmundar Sveinssonar og sýning á verkum hans

NÆSTKOMANDI laugardag kl. 17:00 verða úrslit í hönnunarsamkeppni í anda Ásmundar Sveinssonar kunngerð í Listasafni Reykjavíkur, Ásmundarsafni. Óskað var eftir tillögum að nytjahlut sem endurspeglar skyldi hugarheim og verk myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar og alls búrúst 68 tillögur. Að samkeppninni stóðu verslunin Kraun, Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands.

Verðlaunahafi hlýtur fjárupphæð í verðlaun, auk þess sem hluturinn verður seldur í verslunum Kraums í Aðalstræti og á Kjarvalsstöðum og í safnverslunum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og Ásmundarsafni. Sigurhugmyndin verður sýnd á laugardag og fjórtán hugmyndir til.

Á sama tíma verður opnuð sýningin *Ég kys blómlegar konur ... Konur í verkum Ásmundar Sveinssonar*, þar sem sjónum er beint að konum og kvenímyndinni í verkum Ásmundar. Þá hefur hluti af vinnustofu Ásmundar verið endurgerður, sem gerir gestum kleift að skyggast inn í líf og starf myndhöggvarans.



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon Hönnunarsamkeppni Myndhöggvarinn Ásmundur Sveinsson.

Titill sýningarinnar er tilvitnun í Ásmund sjálfan í viðtali við hann sem birtist í Þjóðviljanum sumarið 1961. Verkin á sýningunni spanna allan feril Ásmundar og sýna allt frá fyrstu raunseisverkum hans til íbúðarmikilla framsetninga hans á kvenkynsmyndum. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.